

Bréf menntamálaráðuneytisins til skólastjóra Tónlistarskólans í Reykjavík, varðandi reglur um kennslu og próf við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík. 181
12. nív.

Hér með er yður tjáð, herra skólastjóri, að ráðuneytið hefur staðfest reglur um kennslu og próf við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík, sem stofnuð var með reglugerð nr. 158/1959. — Fara reglurnar hér á eftir:

Reglur um kennslu og próf við kennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík.

1. gr.

Námstími.

Námstíminn er 4 kennslumisseri eða 2 ár. Þó skal þeim, sem ljúka söngkennara-prófi í Kennaraskólanum, veitast kostur á að ljúka námi á einum vetri.

2. gr.

Námsgreinar.

Söngur: Raddmyndun, raddbeiting, framsögn.

Tónfræði: Heyrnarþjálfun, hljómfraði, raddsetning.

Tónlistarsaga, og í tengslum við hana námskeið í formfræði. Tónverkakynning. *Píanóleikur.*

Kórsöngur og kórstjórn.

Kennslufræði (methodik) og kennsluæfingar: Leikur á blokkflautur og slag-hljóðfæri.

Uppeldisfræði.

Heilsufræði.

Síðasttaldar námsgreinar, uppeldisfræði og heilsufræði, eru kenndar í Kennaraskóla Íslands. Þar á móti kennir Tónlistarskólinn söngkennarnemum Kennaraskólans blokkflautuleik, kennslufræði og kennsluæfingar.

3. gr.

Inntökuskilyrði.

Nemandi sé fullra 18 ára.

Almenn menntun: Gagnfræðapróf eða miðskólapróf.

Undirbúningsmenntun í tónlist:

Í söng: Nemandi skal vera óblestur í máli og geta sungið hreint og lýtalaust þjóðlag, sálmalag eða eitthvert alþýðulag, sem valið er úr 20 lögum, er umsækjandi tilnefnið. Enn skal nemandi geta sungið hreint þríhljóma í dúr og moll.

Í tónfræði: Staðgóð kunnátta í undirstöðuatriðum tónfræðinnar.

Í píanóleik: Nemandi leiki tvö lög á borð við Kleine Präludien eftir J. S. Bach og sönótupætti eftir Kuhlau og Clementi. Miða má við hliðstæða kunnáttu í orgel- og harmóniuleik.